

## 84. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskar fræða mánudaginn 20. nóv. 2017, kl. 12:40.

*Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir (kom kl. 12:55), Engilbert Olgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Aðalbjörg Bragadóttir, Ingibjörg Andrea Jóhannsdóttir, Sýlvía Ólafsdóttir, Halldór Páll Halldórsson og Áslaug Harðardóttir.*

Dagskrá:

1. Reikningsskil mötuneytisins (fyrir tímabilið 1. ágúst 2016 - 31. júlí 2017).
2. Breyting á verðskrá mötuneytisins og vegna herbergjaleigu á heimavist á vorönn 2018.
3. Leigusamningur ML við Bláskógabyggð vegna íþróttaaðstöðu.
4. Fjárhagsáætlun skólans 2018.
5. Kynning á áætlun um innra mat 2017-2021.
6. Önnur mál

Gunnar setti fund og bauð fólk velkomið. Síðan var gengið til dagskrár.

### **1. Reikningsskil mötuneytisins (fyrir tímabilið 1. ágúst 2016 - 31. júlí 2017).**

Ragnheiður fjármálastjóri fór yfir helstu tölur. Umræða um nokkra þætti eins og kostnað vegna einnota plastáhalds. Ársreikningur samþykktur.

### **2. Breyting á verðskrá mötuneytisins og kynning á herbergjaleigu á heimavist á vorönn 2018.**

Halldór Páll fór yfir það hvernig gjaldskráin er núna. Leggur til að gjaldskráin vegna mötuneytis og þvottahúss hækki um 4% frá og með næstu önn. Það var samþykkt. Skólameistari fór jafnframt yfir samanburð við aðra skóla hvað varðar ýmsar verðskrár, svo sem mötuneyti, herbergjaleiga og þvottahús.

Engilbert kom með þá ábendingu að kannski væri skynsamlegt að ákveða verðskrá mötuneytis og þvottahússins fyrir hvert skólaár. Þannig viti foreldrar hver kostnaðurinn er fyrir komandi skólaár. Halldór Páll og Gunnar sögðu að þá yrði nauðsynlegt taka stöðuna í júní með tilliti til aðsóknar nemenda í skólann.

### **3. Leigusamningur ML við Bláskógabyggð vegna íþróttaaðstöðu.**

Skólameistari fór yfir drög að samningnum og útskýrði nokkur atriði eins og gjaldskrá og aðgang starfsmanna ML að íþróttamannvirkjum Bláskógabyggðar. Samþykkt var að fela skólameistara að ræða við sveitarfélagið um gildistíma og endurskoðunarákvæði í samningnum.

### **4. Fjárhagsáætlun skólans 2018.**

Halldór Páll dreifði áætlun um tekjur og gjöld 2018-2020 og fór yfir helstu atriði. Lagt fram til kynningar.

## 5. Kynning á áætlun um innra mat 2017-2021.

Skólameistari dreifði áætlun um sjálfsmat og útskýrði hana. Rannsókn og greining er með könnun um líðan ungs fólks á þriggja ára fresti og hefur skólinn kallað eftir niðurstöðum fyrir ML og nýtt þær.

## 6. Önnur mál

- Halldór Páll sagði frá því að nú er röðin komin að ML í ytra mati hjá ráðuneytinu. Það er á dagskrá á vorönn 2018.
- Skólameistari greindi frá breytingum á starfsmannamálum.
- Gunnar spurði hver staða ML sé á persónuverndarmálum. Nú hefur Evrópusambandið sett ný lög um persónuvernd. Halldór Páll útskýrði hvernig staðan er núna.
- Fablab smiðja FSu. Gunnar spurði hvort ML gæti nýtt sér nýja smiðju í FSu. Halldór Páll sagði um að gera að leggja áherslu á samvinnu í þessu sambandi.

Fundi slitið kl. 14:25

Fundargerð ritaði Áslaug Harðardóttir